

# Fundargerð 79. fundar

## stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2024, föstudaginn 22. mars kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Íris Róbertsdóttir, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Fannar Jónasson, Heimir Örn Árnason og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir.

Baldur Smári Einarsson og Björn Ingimarsson boðuðu forföll.

Fundargerð ritaði: Jón Björn Hákonarson.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga - vorfundur 2024 - 2404001SU

Stjórn hyggur á ferð til Vestmannaeyja í tengslum við vorfund sinn.

Stjórn samþykkir að vorferð verði dagana 21-23.mái nk. Íris Róbertsdóttir varaformaður mun halda utan um skipulag ferðarinnar ásamt formanni og starfsmanni samtakanna.

### 2. Loðnubrestur - 2404002SU

Loðnuleit síðustu vikna hefur ekki verið að bera árangur og því er ljóst að loðnubrestur er framundan í veiðum.

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga lýsir yfir þungum áhyggjum vegna loðnubrests sem Hafrannsóknarstofnun hefur tilkynnt um í kjölfar árangurslausrar loðnuleitar. Loðnubresti fylgir þungt efnahagslegt högg fyrir samfélögin sem loðna er unnin og ekki síður fyrir landið allt. Ljóst er að íbúar, sveitarfélög og ríkissjóður munu verða af miklum tekjum vegna þessa. Vilja samtök Sjávarútvegssveitarfélaga minna á að nauðsynlegt er að horfa til sveitarfélaganna vegna þessa við áætlunargerð og aðgerðir af hálfu ríkisvaldsins. Þá leggja samtökin þunga áherslu á að loðnurannsóknir og loðnuleit Hafrannsóknarstofnunar verði fullfjármagnaðar svo hún geti sinnt rannsóknnum og leit á þessum mikilvæga fiskistofni sem og öðrum enda er sjávarútvegur grunnstoð í íslensku samfélagi.

### 3. Frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum - gjaldtaka, rafræn vöktun o.fl., 830. mál - óskað umsagnar - 2404003SU

Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á hafnarlögum.

Stjórn mun fjalla um málið og hafa samráð við Hafnarsamband Íslands um umsögn því tengdu.

Fundi var slitið kl. 08:30